

Nettímarit

# Troðningur

35 tbl. 22 febrúar 2013 - ISSN 1670-8776 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis;

- \* Patricia Piccinini
- \* Tadashi Kawamata
- \* 8 hellar
- \* List Aboriginal
- \* Handgerð hljóðæri
- \* Fróðleikur
- \* Vissir þú að
- \* Hugmyndir og endurgerð
- \* List með nöglum Marcus Levine's
- \* Þjóðsögur
- \* Stærsti menngerði gígurinn
- \* The largest artwork in the world
- \* Tape-Art Monika Grzymala

Forsíðumynd:  
Artwork by Patricia Piccinini

ONLY ICELANDIC  
ART MAGAZINE





## Bensínstöðvar í list...

Bensínstöðvar eiga sér líka líf í listinni. Margir listamenn sækja innspýtingu sína í þær.

Þekkt eru kyralífsmyndir af bensínstöðvum eftir ljósmyndarann Jean-Francois Dupuis frá Canada. Margir aðrir hafa notað bensínstöðvar sem mótív og er undirrituðum minnisstæð verk/ljósmyndir sem hann sá í listasafni Leipzig fyrir nokkrum árum og voru tekin um 1970. Þau verk voru ákaflega mikið eins og verk sem sést hafa eftir marga síðan hér heima og erlendis.

Hér eru þrjú annarskonar verk sem gaman er að skoða.







**“This alien looking geyser on the edge of Black Rock Desert is actually man made. Man made by accident, that is.”**

Myndin hér til hægri er af Fly Geyser eða sem þekktari er sem “Fly Ranch Geyser” sem staðsettur er 32 km norður af Gerlach í Washoe County, Nevada í Bandaríkjunum



# GEYSIR Í USA



## Heimatilbúin hljóðfæri



Að smíða sín eigin hljóðfæri getur verið ákaflega skemtilegt. Allt má í raun nota til að gera hljóðfæri úr. Þar reynir mest á athyglina og að vera hugmyndaríkur.



Hér er t.d kók dós notuð sem blásturs hljóðfæri. Hér er annar sem smíðað hefur sér strengjahljóðfæri og annað sem gert er úr tunnum.





## 8 fallegir hellar






## Snjallar hugmyndir...

### Hugmyndir:

Skapandi hugmyndir í endurnýtingu geta verið skemmtileg þæling. Í raun má endurnýta allt og umbreita hlutum aftur í skemtilega nytjahluti. Troðningur "stal" nokkrum myndum af netinu til að sýna hér.









## Rebecca Ward

### Rebecca Ward

Rebecca Ward er fædd 1984 í Waco, TX  
Byr og starfar í Brooklyn, NY



Hún stundaði myndlistamenntun menntun  
m.a frá Fine Arts, School of Visual Arts,  
New York og Fine Arts, Studio Art,  
University of Texas at Austin.

Verk hennar eru að mestu unnin með lím-  
bandi og kallast innsetningar. Þ.a.e.s. hún  
vinnur með það rými sem verk hennar eru  
sýnd í hverju sinni.

Óhætt er að segja að verkin eru æði  
mögnuð oft á tíðum og vekja upp mögnuð  
viðbrögð.

Allt um Rebeccu má nálgast á heimasíðu  
hennar til frekari skoðunar og lestrar:

<http://www.rebeccasward.com>






Rebecca Ward






## Stærsta verk í heimi / The largest artwork in the world



## List Aboriginal / Frumbyggja Ástralíu




Aboriginal eða frumbyggjar Ástralíu eiga sé þúsundir ára gamla hefð í listsköpun. Málverk þeirra hafa sterk sér einkenni og hafa lítið breyst í áranna rás. Í dag hefur þessi list veitt ungum málurum samtímans sterkan innblástur því sjá má veruleg áhrif frá þessu myndmáli frumbyggjana í málverkum í dag. Færa má meir að segja fyrir því sterk rök að svokallaðir "Pointillismar" hafi sótt hugmyndir sínar í þessi verk frumbyggja. Þekktastur allra "point" malarannar er sennilega myndlistamaðurinn Seurat.





## Stærsti manngerði gígur á jörðinni.

Í Bandaríkjunum er stærsti gígur sem er gerður af mannavöldum. Gígurinn er kallaður Storax Sedan og var kjarnorku tilraun sem sprengd var neðanjarðar í Nevada 6. júlí 1962. Geyslavirkni varð meiri en nokkurn mann gat grunað. Svæðið er nú skráð hjá Bandaríkjunum sem sögustaður. Þess má geta að gígurinn sést vel frá gerfitunglum svo stór er hann. Sprengingin var svo öflug að hún reis upp í 3.0 km og 4.9 km hæð. Jörðin lyftist upp um í 90 metra hæð í sprengingunni ( Hallgrímskirkja er 70 m ).





# Tadashi Kawamata







# Tadashi Kawamata

er Japanskur listamaður fæddur 1953.

Þegar hann var 28 ára gamall tók hann þátt í Venice Biennale.

Síðan hefur hann verið nokkuð áberandi listamaður á alþjóðavísu. Tekið þátt í mörgum sýningum og verkefnum um allan heim. Í dag er hann virtur listamaður í samfélagslegri list þ.a.e.s list sem er í nálægð samfélagsins og á almannafæri. Margar borgir og sveitarfélög leita til hans með verkefni til að auka menningarleg tengsl borgar og bæjarbúa.

Hann hefur einnig verið áberandi í stærri söfnum og galleríum.

Heimasíða Tadashi er;

<http://www.tk-onthetable.com/>



### **Hversu oft hefur Krafla gosið síðan land byggðist og hvenær varð stærsta gosið í henni?**

Virku gosbeltin, sem liggja yfir Ísland, eru samsett af eldstöðvakerfum, það er löngum sprungusveimum með stóru eldfjalli nálægt miðju. Eldfjöll þessi eru misjöfn að útliti og gerð en hafa þó ýmis sameiginleg einkenni. Um 1970 var farið að kalla þau megineldstöðvar með hliðsjón af því að þar er eldvirknin mest og nokkur fjölbreytni í gerð gosstöðva. Súrt og ísúrt berg finnst aðeins í tengslum við megineldstöðvar og háhitasvæði er í þeim flestum.

Gosbeltið á Norðurlandi er samsett af nokkrum eldstöðvakerfum sem kennd eru hvert við sína megineldstöð, talið frá norðri: Þeistareykir, Krafla, Fremrinámar, Askja og Kverkfjöll. Kröflukerfið er um 90 km langt, frá botni Axarfjarðar suður til móts við Bláfjall. Á myndinni sést að megineldstöðvarnar liggja þar sem sprungusveimur og flekamót skerast. Megineldstöðin Krafla og Kröflukerfið allt draga nafn sitt af samnefndu móbergshraunfjalli (raunar stapa) í hálendinu skammt frá gígnum Víti, norðaustan við Mývatn. Fjallið myndaðist við gos undir jökli fyrir um 60-70.000 árum.

Ísöld hófst hér á landi fyrir um 3 milljónum ára, og síðan hafa skipst á 90 þúsund ára löng jökul- eða kuldaskið og 10 þúsund ára löng hlýskíði. Á jökulskíðunum hlaðast upp móbergshraun en á hlýskíðunum renna hraun. Jarðfræðirannsóknir benda til þess að tvö kuldaskíði séu frá upphafi Kröflukerfis þannig að

það sé um 200 þúsund ára gamalt, en elstu hraun þess runnu á hlýskíði. Síðan tók við 90 þúsund ára langt kuldaskíði með gosum undir jökli sem mynduðu móberg. Við lok þess, fyrir um 120 þúsund árum, gaus fyrst líparíti í kerfinu (í Hágöngum), sem er til marks um að kvíkuhólf hafi myndast í rótum megineldsstöðvarinnar. Því kuldaskíði fylgdi 10 þúsund ára langt hlýskíði sem kallast eem, og síðan tók við annað kuldaskíði sem lauk fyrir rúmum 10 þúsund árum. Snemma á síðasta jökulskíði, fyrir um 100 þúsund árum, myndaðist Kröfluaskjan, sem er 10 km í þvermál. Hún hefur að verulegu leyti fyllst af móbergi í gosum undir ísaldarjöklinum; meðal þeirra móbergshraunanna er fjallið Krafla, sem fyrir sagði, og um svipað leyti hlóðust upp ýmis líparítífjöll yfir hringsprungu öskjunnar.

Eldvirkni í Kröflukerfinu frá ísaldarlokum hefur verið skipt í þrjú skíði sem kennd eru við Lúdent (frá því fyrir 12.000 árum til 8500 ára), Hvannstöð (fyrir um 5500 árum) og Hverfjall (hófst fyrir um 3000 árum). Á síðastnefnda skíðinu hafa orðið fimm goshrinur, Hverfjallseldar, Hólseldar, Daleldar, Mývatnseldar og Kröflueldar. Daleldar brunnu fyrir um 1100 árum, sennilega skömmu fyrir landnám. Þá runnu hraun annars vegar kringum Hverfjall, hins vegar í Hlíðardal og norður í átt til Kröflu.

Mývatnseldar hófust 1724 með sprengigosi sem myndaði gíginn Víti. Veruleg hraungos byrjuðu í ágúst 1727 og héldu áfram í fjórum hrinum til júníloka 1729. Löngu síðar, árið 1746, varð smágos sem talið er til Mývatnselda. Lengd gossprungunnar er um 13 km, flatarmál hraunanna 33 ferkílómetrar og rúmmál þeirra 0,25 km<sup>3</sup>.

Kröflueldar stóðu frá desember 1975 til september 1984. Fram til 1979 einkenndist virknin af kvíkuhlaupum, þar sem bergkvika streymdi að mestu neðanjarðar frá megineldstöðinni inn í sprungukerfið til norðurs og suðurs. Kvíkuhlaupin tengdust gliðnun á sprungusveiminum, en er fullgliðnað var 1980 tóku við goshrinur, sex að tölu, sem mynduðu hraunbreiðu 35 ferkílómetra að flatarmáli og 0,25 rúmkílómetra að magni. Lengd gossprungu var um 11 kílómetrar.




Meðal margra merkra lærdóma sem Kröflueldar opinberuðu er sá, að enda þótt rek skorpuflekanna sé stöðugt – Bjargtangar fjarlægjast Gerpi um 2 sentimetra á ári – þá er gliðnunin um hvert eldstöðvakerfi lotukennd. Þannig má ætla að lítil eða engin hreyfing hafi orðið í Kröflukerfinu þau 250 ár sem liðu milli Mývatns- og Kröfuelda, en síðan gliðnað um að minnsta kosti 5 metra í Kröflueldum.


Til að svara spurningunni beint, þá hefur sennilega gosið tvisvar í Kröflu síðan land byggðist. Sé litið á hvorn „eldanna“ tveggja sem eitt gos, þá voru þeir mjög jafnstórir. Hins vegar kann að vera að síðasta hrinan í Mývatnseldum (1729) hafi verið stærst, en hún sendi hraun alla leið niður í Mývatn.

Heimild og mynd:

Kristján Sæmundsson (1991). Jarðfræði Kröflukerfisins. Bls. 25-95 í Náttúra Mývatns, ritstj. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík 1991.



## Verk eftir Marcus Levine's



**Marcus Levine's.**

**Marcus vinnur að mestu verk sínu með nöglum í allskonar efni. Nánar má skoða verk eftir hann m.a á slóðinni:**

<http://www.levineart.co.uk/>



Kröflueldar stóðu frá 1975-1984.



### UPP KOMA SVIK UM SÍÐIR

Einu sinni var tekin gröf í kirkjugarði á prestssetri nokkru; kom þar upp með öðrum grefti hauskúpa ein, og stóð bandþrjónn gengum hana. Prestur geymdi hauskúpuna, þangað til messað var næsta helgan dag á eftir. Beið hann þess, að allt fólk var komið í kirkju, og festi hann þá hauskúpuna upp yfir kirkjudyrum. Eftir embætti gekk prestur fyrstur út með meðhjálpurunum og hugði að þeim, sem út gengu. Þeir urðu einskis varir og gættu þá að, hvort nokkur væri eftir inni; en þar var kerling ein gömul mjög, sem bograði að hurðarbaki, og varð að neyða hana til útgöngu. Drupu þá þrír blóðdropar af kúpunni niður á faldtraf kerlingar. Hún mælti þá: "Upp koma svik um síðir." Gekkst hún þá við því, að hún hefði ráðið fyrri manni sínum bana með því að reka þrjón gegnum höfuð hans. Var hún þá ung og hafði átt hann nauðug og samfarir þeirra verið skammar. Konan bjó sjálf um líkið, og höfðu ekki aðrir hugað að því. Síðan hafði hún gengið að eiga annan mann, en hann var þá og dauður. Það er mælt, að kerlingu þessari væri drekkt, eins og gjört var mæðrum, er fyrirfóru börnum sínum.

### SVEINN SPAKI

Sveinn spaki, biskup í Skálholti 1466-1476, var kallaður forspár og framsýnn. Sumir ætluðu, að hann kynni hrafnamál, en aðrir, að það væri ekki hrafni, heldur einhver andi í hrafnslíki, illur eða góður, sem hann hefði mök við. Þegar hann var kirkjuprestur í Skálholti, mörgum árum áður en hann varð biskup, var hann sendur upp að Torfastöðum að messa þar, og reið með honum piltur, sem Erlendur hét Erlendsson, frá Kolbeinsstöðum í Borgarfirði.

Svo bar til, þegar þeir komu í hólana fyrir sunnan Hrosshaga, að harðviðrisbyl gjörði á þá með fjúki, og lögðust þeir þar fyrir. Pilturinn fór þá að örvænta og sagði, að hann mundi aldrei þaðan lífs komast.

Prestur sagði, að hann skyldi bera sig karlmannlega, "því hér eftir kemur gott, og önnur verður þá okkar ævi, þá ég er biskup í Skálholti, en þú eignast dótur Þorvarðs ríka á Möðruvöllum og hústrúnnar þar."

Erlendur svaraði: "Það veit ég verða má, að þér verðið biskup í Skálholti, en það má aldrei verða, að ég fái svo ríka og vel borna stúlku, jafn-fátækur sem ég er."

"Efa þú aldrei," segir prestur, "guðs gáfur, hans mildi og miskunn, því svo mun verða sem ég segi og það til merkis, að þá þú ríður til konukaupa, mun slík helliskúr koma, að menn munu varla þykjast muna slíka."

Á móti morgni létti upp hríðinni, og fóru þeir leiðar sinnar til Torfastaða. Svo fór allt og fram kom, að Erlendur efldist og mannaðist og eignaðist Guðríði, dóttur Þorvarðs, en Sveinn varð biskup. En þegar Erlendur reið til kaupa, kom svo mikil hvolfuskúr, meðan þeir riðu heim, að allt varð hríðvott, en áður var glatt sólskin, er þeir komu undir túnið.

Meðan Sveinn var prestur, skírði hann barn einu sinni, og sagði hann, að því mætti ætla brækur, en ekki sokka, því það mundi verða flysjungur. Barnið óx upp, varð röskur maður og framdi tvö manndráp í tíð Stefáns biskups.

Hann sagði fyrir um vinda og veðráttufar, um lífsstundir manna og hvernig til mundi ganga í Skálholti eftir sinn dag, að hinn fyrsti biskup eftir sig mundi ekki ríkja lengi; annar þar eftir mundi hýsa vel staðinn og mest grjót til hans flytja; þriðji þar eftir mundi draga mestan grenivið að staðnum og kirkjunni, "og má með réttu," hafði hann sagt, "sá hinn fyrri kallast grjót-biskup, en hinn greni-biskup. Þar eftir með



hinum fjórða munu siðaskipti koma í land á öllu: messusöng og tíðagjörðum, hringingum og helgihöldum, og mun það alla tíma aukast meir með þeim fimmta og sjötta; þá vil ég heldur vita son minn búa í Höfða hjá Skálholti eða væri fjósamaður í Skálholti en kirkjuprestur þar, því Skálholt hefur aukist og eflst með herradæmi, en mun eyðast með eynd og vesalingsskap, enda er þá þetta land komið undir útlendar þjóðir.”

### DRYKKJURÚTURINN Í HELVÍTI

Einu sinni voru tveir menn að smíða stórsmíði í smiðju. Að áliðnum degi kom drykkjumaður nokkur á sama bæinn. Hann var svo illa til reika að hann valt sofandi af hestbaki og ofan í hlaðbleytuna. Tóku smiðirnir hann þá, báru hann inn í smiðju og lögðu hann þar á viðarkolabing. Svaf hann þar til þess dimmt var orðið. En um það bil sem smiðirnir hættu að smíða en höfðu þó ekki slökkt eldinn fór drykkjurúturinn að rumskast.

Fóru þeir þá út í horn og létu ekkert til sín heyra. Drykkjurúturinn þreifar þá allt í kringum sig, finnur kolin undir sér og sér í eldsglæðurnar háflslokknar. Hugðist hann þá vera dauður og vaknaður upp í helvíti.

Hann reis upp við olnboga og hlustaði um stund. En þegar hann heyrði ekkert, leiddist honum og kallaði hátt: “Getur nú enginn af öllum þeim djöflum sem hér eru saman komnir gefið mér í staupinu?”

Við það gáfu smiðirnir sig fram og endar svo sagan.

### SÍMON Á HÓLI

Meðan dr. Hjaltalín var í skóla var hann vanur að gista hjá Símoni á Hóli í Hörðudal bæði haust og vor þegar hann fór í skóla og úr.

Einu sinni þegar hann kom að Hóli hitti hann svo á að allir heimamenn voru venju fremur uppvægir, en vopn og verjur lágu hingað og þangað um húsin. Þegar hann spurði hvernig á þessu stæði sagði bóndi honum sem var bæði greindur maður og gætinn upp alla sögu sem hér segir:

Fáum dögum áður höfðu börn Símonar mætt fjárrekstri sem voru í á að geta tvö til þrjú hundruð fjár; því þau höfðu farið lengra upp til óbyggða en vant var af því þau voru að leita að nokkrum kindum sem vantaði. Tveir menn voru með fénu og höfðu langa stafi í höndum og bönduðu stöfunum ógnandi að börnunum þegar þau komu nærri þeim.

Við það hlupu börnin heim og sögðu frá því sem fyrir þau hafði borið. Urðu þá til sextán menn í sveitinni sem tóku sig saman um að elta rekstrarmennina vopnaðir því menn þóttust vita með vissu að féð mundi allt stolið sem þeir ráku.

Þar sem graslaust var var hægt að rekja ferilinn eftir reksturinn og þá sást að fjórir menn höfðu fylgt rekstrinum. Var þeim svo veitt eftirför suður og austur hjá Baulu og allt austur í Baldjökul því þangað lágu slóðirnar.

Var þá komin nótt þegar þangað var komið svo menn urðu að hverfa þaðan heim aftur af því það þótti ekki ráðlegt að hætta sér í náttmyrkri á jökulinn þar sem menn þóttust geta búist við að hitta fyrir útilegumenn.



# Patricia





# Piccinini









# Patricia Piccinini

er fædd 1965 í Freetown, Sierra Leone. Hún er Ástraliskur listamaður. Verk hennar teljast til ofurraunsæis skúlptúra eða hyperrealist sculptor.

Verk hennar vöktu fyrst athygli í Ástralíu seinnihlutan á árinu 1990.

Árið 2003 var hún valin sem fulltrúi ástrala á Feneyjar listamessuna / Venice Biennale.

Piccinini flutti frá Sierra Leone til Ástralíu 1972 ásamt fjölskyldu sinni.

Hún útskrifaðist með " Bachelor of Economics degree " frá Ástralska National University eða ANU, áður stundaði hún nám við Fine Art (ofurteikningu) við Victorian College of the Arts in Melbourne.

Verk hennar hafa verið sýnd um allan heim og vekja upp sterk viðbrögð gesta á sýningum og sýnist hverjum sitt.

Hægt er að skoða verk hennar og lesa um hana á heimasíðu hennar á slóðinni:

<http://www.patriciapiccinini.net/>



## Vissir þú...

Vissir þú þetta...

að aðildarríki ESB halda sínum eigin þjóðsöng .

að UNICEF eru stærstu barnahjálparsamtök í heimi.

að streita getur verið jákvæður drifkraftur

að maurar detta yfirleitt á hægri hliðina á fylleríi.

að rafræn skilríki gera þér kleift að leysa hin ýmsu erindi heiman frá þér.

að aðildarríki glata ekki fullveldisrétti yfir náttúruauðlindum sínum með aðild að ESB .

að endurvinnsla pappírs lengir líftíma urðunarstaða

að ef allur ruslpóstur á Íslandi yrði ekki sendur í endurvinnslu jafngildi það útblæstri frá 1.200 fólksbílum.

að 60% minni orkuþörf þarf við endurvinnslu pappírs en frumvinnslu

vissir þú að endurvinnsla á einni áldós sparar rafmagn sem dugar fyrir sjónvarp í 3 klukkustundir..... og að á hverri mínútu eru 113.300 áldósir endurrunnar.

að konungsríkið Holland var stofnað árið 1815,

og að Belgar stofnuði sitt eigið konungsríki út úr Hollandi árið 1830.



## Hvað er list ?

HÖFUNDUR, VERK, NJÓTANDI

VIÐ höfum komið að því, að það er afar erfitt að binda sig við



hugtakið  
fegurð, að  
reyna að  
skilgreina það  
út frá  
eiginleikum  
listar yfirleitt,  
eða einstakra  
listgreina. Það,  
sem ég hef  
sagt hingað til,  
annars með það  
var meðal  
í huga, að leiða það í ljós, að það yrði að  
byrja á einhverju öðru. Þá eru eiginlega tvær  
spurningar, sem koma upp á teninginn: Hvað er  
list? Hvað er listaverk? Þetta er ekki  
nákvæmlega sama viðfangsefnið og undarlegt,  
hve margir höfundar rugla þessu saman. Ég held  
það sé vænlegt til árangurs að reyna að byrja  
á því að svara spurningunni: Hvað er listaverk?  
Þá þurfum við að ákveða, hvernig við ætlum að  
tala um það, hver er aðferðin, og hverju erum  
við að leita að. Hver aðferðin er, er vandamál  
sem við verðum að taka upp á nýtt margsinnis,  
því að heita má, að hver heimspekistefna hafi  
sína aðferð. En það, sem við myndum þá reyna  
að leita að, er það, sem að heitir fagurfræðilegt  
gildi. Þriðja spurningin yrði: Hvaða  
eiginleikar eru það, sem einkenna þá hluti sem  
kallast listaverk? Þessi spurning er eilífðarspurn-  
ing og ein sú helzta. Svarið við þeim er misjafnt  
eftir því hvaða heimspekistefnu við aðhyllumst.  
Þess vegna held ég, að það sé mjög vænlegt til  
árangurs að byrja á síðustu spurningunni. Er  
hægt að finna almenna eiginleika, sem hljóta  
eðli málsins samkvæmt að einkenna alla þá  
hluti, sem kallast listaverk, sem gera okkur kleift  
að taka út úr samhengi annarra hluta einhverja  
þá hluti sem er hægt að kalla listaverk? Í þeim  
bókum, sem vísað er til, er málið sett upp  
þannig, að spurt er, hvort listaverk sé eðli sínu  
samkvæmt eitthvað, sem er gert af  
mannahöndum. Flestir höfundar alveg fram á  
þennan dag ganga að því sem vísu að listaverk  
hljóti að vera eitthvað, sem er smíðað, skapað;  
hlutur sem var gerður og var ekki áður til, sem  
einhver maður, sem kallast listamaður,  
framleiðir, og kynnir fyrir öðrum sem list. Til eru  
þeir, sem hafa dregið þetta í efa á undanfór-  
num áratugum, vegna þess að listamenn hafa  
tekið hluti, tilbúna hluti eða hluti úr náttúrunni  
og stillt þeim upp á sýningum og sagt að þetta  
væru listaverk. Það er til stefna í myndlist, sem  
heitir konseptlist. Hún felst ekki í því að  
framleiða hluti heldur í því að setja saman hug-  
myndir. Það er til í dæminu, að við förum niður í  
fjöru og tókum rekaviðardrumb og stillum honum  
upp og segjum að þetta sé listaverk. Spurningin  
er þá fyrst: Eigum við að neita því alveg  
fyrirfram, að slíkir hlutir tilheyri hugtakinu list?

Eigum við að halda því fram, að það sé einkenni  
á listaverki, að það sé búið til af einhverjum?  
Mikið hefur verið rætt um pissuskál Duchamps.  
Þeir, sem segja, að það standi ekki rök til að  
draga landamærin þarna, þeir segja, að  
Duchamps hafi gætt hlutinn listrænum  
eiginleikum, þegar hann setti þetta stórkostlega  
verk á sýningu 1917, og það beri að skoða hlu-  
tinn í því ljósi sem listaverk. Hvernig sem við  
förum að því, hvort sem við segjum að  
strúktúran í myndinni sé eins og í hverjum  
öðrum skúlptúr. Hluturinn öðlast einhverja þá  
eiginleika, sem breyta honum úr því að vera  
brúkshlutur í það að vera listaverk. Við gætum  
gert það okkur til hægari verka og sagt þetta út  
í hött. Svona nokkuð er skrípalæti og tilheyrir  
ekki list. En þá segja menn aftur á móti, að svo  
stór hluti af listaheiminum viðurkennir þetta. Þá  
er ég líka að skipta listaheiminum í tvennt.  
Annars vegar eru þeir, sem eru með mér og hafa  
vit á listum og hins vegar eru þeir, sem eru á  
móti og hafa ekkert vit á listum og tala vitleysu  
eins og þá, að einhverjir hlutir, hvort sem það er  
pissuskál eða hálsskorið lamb eða steinn, geti  
talizt listaverk. Af þessu má sjá, að þessar þrjár  
spurningar, sem ég bar upp, eru flæktar saman,  
svo að erfitt er að greiða úr, hvað er list, hvað  
er listaverk, hvað eru listrænir eiginleikar? Hvað  
þarf að einkenna hlut, til þess að hann sé tækur  
sem listaverk? Þeir, sem vilja hafa  
skilgreininguna víða, þannig að hún nái yfir nát-  
úrúlega hluti rétt eins og samsetta, segja að  
það sé ekki hægt að búa til skrá yfir listræna  
eiginleika. Það væri alveg vita vonlaust að ætla  
sér að semja slíka skrá. Í ljósi þess sé einfaldast  
að líta svo á, að það er listaverk, sem  
einhver, sem hefur heimild til þess, lýsir yfir,  
að sé listaverk. Sérhver sá hlutur, sem er  
meðtekinn eða viðurkenndur sem stak í mengi  
allra listaverka, er þar með orðinn að listaverki.  
Þetta viðhorf leiðir til þeirrar kenningar, sem  
ágætur maður hefur sett saman, George Dickie.  
Kenning hans er sú, að sérhver hlutur, sem er  
viðurkenndur af listaheiminum sem listaverk,  
er listaverk. Hann neitar því að búa til skrá yfir  
listræna eiginleika eða að reyna að skilgreina  
hvað er tilbúinn hlutur. Það er líka erfitt. Ef við  
segjum að listin sé eitthvað, sem er búið til,  
hvar eru þá landamærin milli alls kyns  
brúkshluta, framleiðsluvara og listaverka? Það er  
ekki nóg að segja að listhlutur sé eitthvað, sem  
er búið til af mannahöndum.  
Þetta er ófullnægjandi  
skilgreining, því að menn búa til allan  
skrambann. Þá bæta menn því yfirleitt við að  
listaverk er hlutur, sem er búinn til af  
mannvöldum, þannig að hann hefur innri  
merkingu og kallar á túlkun. Hvaðeina það er  
listaverk, sem með einhverju móti, hvort heldur  
það er með því að búa hlutinn til eða stilla ho-  
num upp, öðlast ákveðið inntak, eða merkingu.  
Hvernig öðlast þá hluturinn merkingu? Þá er  
vaninn að skírskota til höfundarins, eða þess  
sem setur hlutinn á listmarkaðinn sem listaverk.  
Höfundurinn gæðir hlutinn slíkri merkingu,  
að hann kallar á viðbragð, kallar á það að  
njótandinn setji sig inn í merkinguna og túlki



hana fyrir sér. Þar með erum við komin inn í dýalektík höfundar, verks og njótanda. Ef ég t.d. tek rekaviðardrumb og stilli honum upp, hvernig sem ég vil, og flyt hann upp á Kjarvalsstaði og fæ forstjórnann þar til að leyfa mér að sýna verkið, þá er þetta þar með orðið listaverk. Ef ég er spurður, hvaða merkingu ég gef þessum hlut þá svara ég eins og Benedikt Gröndal: Mitt er að yrkja, ykkar að skilja. En meginhugmyndin er, að listaverkið sé viðurkennt af listaheiminum sem tilheyrandi því mengi hluta, sem heitir listaverk. Kenning Dickies hefur verið kölluð stofnanakenningin um listir (The institutional theory of art). Svo að vikið sé nánar að Dickie, þá er hans hugsanagangur á þessa leið. Fyrsta spurningin er þessi: Hvað gefur einhverjum manni heimild til að skíra einhvern hlut, annað hvort tilbúinn hlut eða náttúrulegan hlut, listaverk? Getur hver sem er staðið upp og sagt: Hér með lýsi ég því yfir að stóllinn sem ég sit á er listaverk. Er hann þá orðinn listaverk þar með? Smiðurinn, sem er að smíða húsgögn, eða skipasmiður eða hver veit hvað, kallar upp í kaffitímanum: Það sem ég er að gera hérna er listaverk! Er það þá þar með orðið listaverk? Hefur sérhver maður heimild til að skíra hluti listaverk? Hvernig fá menn slíka heimild? Þessu svarar Dickie á þá leið, að listamaður er persóna sem tekur með góðum skilningi þátt í því að búa til listaverk. Hann verður að hafa skilning og þekkingu á þeim sérkennum, sem þurfa að einkenna hluti, til þess að hægt sé að útnefna þá til þess að heita listaverk. Mér finnst þetta dálítið dauft. Það eru ákveðnar stéttir sem hafa heimildir. Presturinn hefur heimild til að skíra börn, dómari hefur heimild til að dæma menn o.s.frv. Ef einhver annar en dómari ætlar að fara að dæma, þá er það út í hött. Sannast sagna hefur það reynst mjög erfitt fyrir stofnanakenningamenn að gera grein fyrir því, hvernig menn öðlast þessa heimild. Hvernig öðlast Duchamp heimild til þess að segja: Hér með lýsi ég því yfir, að þessi hlutur er listaverk! Hver var ástæðan til þess, að allir tóku þetta alvarlega? Hefði það sama gerst ef Cézanne hefði lýst þessu yfir eða Picasso eða Jón Jónsson skipasmiður í vesturbænum? Það, sem Dickie á við, er í rauninni, að hvaðeina það, sem listaheimurinn meðtekur sem listaverk, er listaverk. Þetta er í raun og veru svo einfalt. En það er afar erfitt að útfæra þetta. Í öðru lagi segir hann, að listaverk er artifact, tilbúinn hlutur, sem er búinn til eða skapaður með það í huga að kynna hann fyrir listaheiminum. Og þá einnig með það í huga, að listaheimurinn viðurkenni hlutinn. Það þarf því tvennt til, annars vegar að listamaðurinn viðurkenni þetta og svo hins vegar að hann fái viðurkenningu listaheimsins. Hvað er þá þessi listaheimur, ef allir hafa vit á list, hver sem er getur búið til lag og allir kunna að setja saman vísu, eru þá ekki allir, hver sem er, listamaður? Í raun og veru verður Dickie að samþykkja það. Því inngangsskilyrði fyrir listaverkið eru þau, að

listaheimurinn viðurkenni það sem slíkt. Listaheimurinn er mengi persóna sem eru tilbúnar til að skilja merkinguna í öllum þeim hlutum sem eru kynntir fyrir þeim sem listaverk. Þetta er að vísu dauft og óljóst. Það er svo vítt, að það nær eiginlega yfir allt mannkynið. Hann bætir enn nokkru við, enn annarri véfrétt. Listaheimurinn er heild allra listaheimskerfa. (The artworld is the totality of all artworld systems). Hvað er listaheimskerfi? Listaheimskerfi er rammi og innan hans fer fram kynning á listaverkum frammi fyrir þátttakendum í listaheiminum, segir Dickie. Af þessari kenningu verður að líta svo á, að sérhver sá fær heimild til að skíra hlut listaverk við það að vera viðurkenndur þátttakandi í listaheiminum. Menn þurfa ekki að læra neitt eða ganga í gegnum skóla eða leggja á sig neitt þvíúmlíkt. Spurningin er einungis, hverjir eru viðurkenndir? Ef við lítum yfir listasöguna, þá má sjá, að margir þeir menn, sem nú teljast góðir og gegnir listamenn, voru ekki mikils metnir af listaheiminum á sínum tíma. Þá er spurningin: Er það eitt list sem er viðurkennt af áhugamönnum um list á hverjum tíma? Þetta er ályktun sem er afar erfitt að kyngja. Því í raun og veru er listaheimurinn einhvers konar stofnun, eða félagsfesti. Sú stofnun fer að settum reglum, hefðum, siðum eða venjum. Það væri lítið varið í þennan listaheim, ef hann hefði engar reglur né viðmiðanir, enga mælikvarða. Hann hefur ekki annað til að miða við en það, sem er meðtekið í hópum áhugamanna um listir á hverjum tíma, og ef það eitt er list, sem slíkir hópar viðurkenna á hverjum tíma, þá er margt sem er ekki list. En það að að búa til listaverk er að fara eftir þessum reglum. Það, sem listamaðurinn gerir, er að búa til hlut, taka fram einhvern hlut, sem hann skírir frambjóðanda til viðurkenningar, og svo verður hluturinn að listaverki þegar viðurkenningin fæst. Maður nokkur að nafni Stephen Davies (í bókinni Definitions of Art) hefur bent á, að í þessu felst vítahringur. List er það sem er sett fram sem frambjóðandi til viðurkenningar af hálfu listaheimsins, og það að setja eitthvað fram með ósk um viðurkenningu af hálfu listaheimsins er að leika hlutverk listamanns. Ég veit ekki hvernig á að þessum vítahring. Dickie hefur leysa úr hvernig á að þessum vítahring. Ég sé ekki, hvernig á að gefa aðalhugmyndina upp á bátinn. Nú eru til margs konar sýningar og ýmsir hlutir eru settir á sýningu. Það eru hrossasýningar í sveitum, hrútasýningar og hunda- og kattasýningar. Ef einhver kattaegindinn stendur upp á kattasýningu og segir: Ég set hér fram fyrir fram fyrir kattaelskendaheiminn, að kötturinn minn er listaverk. Er þá kötturinn orðinn að listaverki? Nei, ekki nema kattaelskendafélagið





# Frh. - Hvað er list ?

lýsi því yfir, að það sé listáhuga-mannafélag. En ef það lýsir því yfir, ef það er innstillt á það að líta á merkingarinnihald katta sem túlkanlegt, þá ætti kötturinn að vera listaverk samkvæmt þessari röksemdafærslu. Eða er ekki svo? Þetta snýst um það, hver hefur heimild til að skíra listaverk.

Nú verður vikið að því viðhorfi, að listaverk séu hlutir, sem eru skapaðir, eitthvað það sem er breytt af mannahöndum og fær við það slíka eiginleika, að það sé hægt að flytja þá úr mengi náttúruhluta eða hráefnis í mengi listaverka. Við lítum þá svo á, að það sé ekki nóg að lýsa því yfir, að hlutur sé skírður listaverk heldur þurfi hann að hafa eitthvað það til að bera, sem réttlætir þá yfirlýsingu. En þá vaknar spurningin: Hvers konar eiginleika þarf hluturinn að hafa? Eru það skynjanlegir eiginleikar eða eru það afstæðir eiginleikar? (Með orðunum "afstæðir eiginleikar" er átt við eiginleika sem hlutir fá við að vera í tengslum eða venzlum við aðra hluti, t .d.  $a < b$  eða  $a > b$ . Slíka eiginleika finnum við gjarnan með samanburði). En hvernig afmörkum við þá eiginleika, sem slíkir hlutir þurfa að hafa, til þess að verðskulda titilinn listaverk? Þetta verður vandasamt, ef við ætlum skilgreiningunni að ná yfir allar greinar lista, ritlist, tónlist, myndlist, danslist, og bæði yfir listgreinar sem venjulega miða við eitthvert fast form eða gerast í tíma. Er eintak af skáldsögu skáldsagan? Er tónverk, sem er flutt á tónleikum, tónverkið? Er hægt að segja, að tónverkið sem slíkt hafi sömu eiginleika og okkur eru skynjanlegir, þegar verkið er flutt á einhverjum ákveðnum stað og tíma? Við neyðumst til þess að hugsa þá á þá leið, að það séu ákveðnir eiginleikar, sem einkenna verkin, en það geta verið aðrir eiginleikar, sem einkenna einstök form, sem verkin birtast í. Tónverk eru flutt og bækur eru prentaðar eða gefnar út eða settar á netið. Ritmál er til í margvíslegu formi. Ég ætla að nefna hér til sögunnar höfund, sem heitir Richard Wollheim. Hann ritaði bók, sem heitir Art and its Objects. Hann gefur sér það í upphafi, að listaverk, hvert listaverk, séu hlutir. Vandamálið er þá að finna þá almennu eiginleika sem einkenna þessa hluti sem kallaðir listaverk eða listhlutir. (Á ensku artworks, art objects eða aesthetic objects). Nokkur atriði úr bók Wollheims skulu hér nefnd. Fyrsta spurningin er þessi: Getum við sagt, að listaverk sé ákveðið mengi hluta? Ef svo er, þá á að vera hægt að afmarka það mengi með því að tiltaka eiginleika, sem allir hlutir í menginu hafa til að bera. Hvers eðlis eru þá þeir eiginleikar? Eiginleikar geta verið að minnsta kosti af þrennu tagi. Það eru eiginleikar efnishluta, eiginleikar, sem einkenna fýsíska hluti, því að

flest listaverk eru einhvers konar hlutir. Er hægt að afmarka mengið listaverk með slíkum eiginleikum? Við þurfum ekki að hugsa okkur lengi um til að afbakka þá hugmynd, því að það væri afar lítið sagt um málverk, ef við lýstum eiginleikum léreftsins eða litanna eða tiltækjum aðra slíka fýsíska eiginleika. Þá er í öðru lagi spurning, hvort við getum fundið einhverja ídeal eiginleika í svipaðri merkingu og Platón talar um frummyndir, að það séu einhverjir almennir eiginleikar utan við rúm og tíma. Ef við reynum að leita uppi einhverra slíka eiginleika, slík hugtök lendum við líka í vandræðum. Hvaða eiginleikar, hvaða universalía gætu það verið, sem afmarka verkið sem listaverk? Málið gengi upp, ef við gætum tiltekið eitthvert altækt hugtakt þess eðlis, að öll listaverk væru stök í því mengi, sem þetta altæka hugtak tekur fram. En okkur er vandi á höndum að finna slíkt altækt hugtak. Við yrðum í rauninni að búa til skrá yfir fjölmarga eiginleika. Og hvenær yrði fullt samkomulag um það, að sú skrá yrði hin eina rétta eða tæmandi? Þá er í þriðja lagi sá möguleiki fyrir hendi að miða við sálrænar upplifanir annað hvort höfundar eða njótanda. Þessi hugleiðing byggir eiginlega á því, að við aðhyllumst einfalda verufræði sem felur í sér, að það séu til þrenns konar tilvistarsvið: breytileg tilvist hlutanna í tímanum, svið hugtaka og svið sálrænna upplifana. Við hreyfum okkur innan þessa ramma og spyrjum t.d.: Hvað er tónverk? Hvar er listaverkið, sem er tónverk? Er það flutningurinn í Háskólabíói síðasta fimmtudag? Er það mengi allra uppfærslna verksins? Er það eitthvað, sem hægt er að lýsa og skýra í upplifun njótendanna? Eða er það hugmynd, sem höfundurinn hafði í upphafi og setti í þetta ákveðna form? Ef við gerum ráð fyrir því, að verkið sé fólgið í einhvers konar sálrænni upplifun höfundarins, lendum við í því að finna verkið í því sem höfundurinn upplifði á sínum tíma. Ef höfundurinn var í ástarsorg og orti kvæði, þá er kvæðið sem hann samdi, form fyrir geðshræringuna, sem hann upplifði. Hver sá, sem ætlar að svara spurningunni um það, hvernig á að túlka þetta ljóð verður að upplifa það sama og höfundurinn. Ef höfundurinn er dáinn eða löngu horfinn, hvernig eigum við þá að fara að? Eða ef hann er lifandi eigum við þá að hringja í hann og spyrja hvað hafi komið fyrir hann? Það væri erfitt að toga nokkuð t. d. upp úr Beethoven jafnvel þótt hægt væri að hringja í hann yfir móðuna miklu, því að hann var heyrnarlaus. Upplifun höfundar og verkið hljóta að vera sitt hvað. Listgildið getur varla verið fólgið í því, sem varð til þess að höfundurinn tók sig til og fór að mála þessa mynd eða yrkja þetta kvæði. En ef við gefum það upp á bátinn, að segja sem svo, að verkið sé fólgið í upplifun

höfundarins, þá er til í dæminu, að líta á verkið sem slíkt. En hvar er verkið? Er skáldsagan Anna Karenína eintakið, sem er uppi á hillu hjá mér? Eyðist þá verkið og verður að engu, ef ég týni þessu eintaki? Er 9. símfónína Beethovens mengi allra uppfærslna á símfóníunni? Einnig þeirra sem eiga eftir að verða í framtíðinni? Eða er það partítúran, raddskráin? Eða er tónverk einhvers konar fyrirmyndar útfærsla á verkinu (ideal performance)? Má þá segja um verk, sem aldrei hafa verið flutt, að þau séu hvergi til? Hvernig eigum við að koma öllum eintökum af listaverkinu heim og saman undir einn hatt. Monroe Beardsley segir frá því í bók sinni, að Toscanini hafi skellt því af á þrettán mínútum að flytja fyrsta þátt níundu símfóníu Bethovens, en Furtwängler þurfti sautján mínútur. Er þetta sama verkið eða eru þetta tvö verk? Niðurstaðan hjá Wollheim er þessi: Það er enginn vegur að fara þessa leið að skoða verk, ritverk, tónverk, myndverk, dansverk eða kvikmyndaverk og reyna að finna sameiginlega eiginleka með þeim öllum og reyna að finna eitthvern universal, eitthvert altækt hugtak sem öll slík verk falla undir. Hann leggur til í §37, eftir að hafa lent í alls kyns ógöngum, að nota hugtakapar, sem hann fær einhvers staðar að láni, og segja sem svo, að það sé hægt að greina listaverk frá öðrum hlutum með því að segja sem svo, að listaverkið sem slíkt sé týpa (type) og einstakar útgáfur, uppfærslur og svo framvegis, séu teikn (tokens). Þessi hugtök, týpa og teikn eiga að leysa málið. Sem dæmi má nefna, að rauði fáninn sem slíkur er týpa, hugtak með ákveðið merkingarlegt inntak. En rauði fáninn, sem stundum má sjá blakta fyrsta maí, sá rauði fáni er teikn. Hann hefur þá eiginleika sem týpan hefur. Týpan færir hugtakalega eiginleika sína yfir á öll teikn týpunnar. Allir eiginleikar hins almenna hugtaks geta tilheyrt einstökum hlutum, sem falla undir það, þar á meðal bæði fýsiskir og sálrænir eiginleikar, bæði eiginleikar, sem tilheyra hlutum, eðlisfræðilegir eiginleikar og eiginleikar sem tilheyra upplifuninni eða því hvernig verkið er flutt á einstökum stöðum eða tímum. Hvernig myndum við þá skilgreina skv. þessu tónverk eða dansverk eða höggmynd eða eitthvað því um líkt? Þá kemur í ljós að jafnvel þetta, að tiltaka orð eins og týpa og teikn nær mjög skammt, og Wollheim verður að helga meginhluta bókarinnar til að koma þessu heim og saman. Hann vitnar í það, að listin sé form fyrir líf, form fyrir tjáningu alls þess, sem við upplifum og köllum mannlegt líf. Það birtist í einhvers konar mynstrum (patterns), sem við setjum saman sem teikn um það, sem við upplifum og köllum listaverk. Hlutverk listaverksins sem teikn er að finna samhengið

milli þess sem listamaðurinn hafði í huga eða var að gera og þess sem njótandinn getur túlkað út úr verkinu. En þessi tilraun með týpu og teikn leysir vandamálið alls ekki. Leiðin út úr þessu er ef til vill sú, að hætta að reyna að sameina í kerfi fullyrðingu um það, að sérhvert verk hljóti að vera hlutur, tilbúinn hlutur, hlutur sem hafi verið skapaður, og segja, eins og Croce segir og lagði áherslu á í sínum verkum: Listaverkið er enginn hlutur. Það getur ekki verið hlutur. Hlutir tilheyra náttúrunni eða þeim parti veruleikans, sem eðlisfræðin rannsakar. Listin er ekki hlutur. Hún getur aldrei orðið neins konar hlutur. Listin er í hugmynd höfundarins. Hún er ekki endilega upplifun hans heldur hugmyndin, sem vakti fyrir listamanninum, þegar hann var að skapa verkið. Hvernig fáum við að fréttu eitthvað um verkið? Croce svarar því líka skýrt og skilmerkilega. Sérhver listræn hugmynd er tjáning og fagurt verk er tjáning sem heppnast. Ljótt verk, leirburður, er tjáning sem misheppnast. Hið fagra er samræmi. Hið ljóta er það, þegar partar verksins ríma ekki saman. Hið fagra, listrænt gildi, er ekki fýsiskir eiginleikar heldur sú andlega orka, sem listamaðurinn lagði í verkið. Vandræðin, sem Croce stendur frammi fyrir, eru þau, að ef svo er að listaverkið er ekki í þeim hlutum sem listamaðurinn framleiðir, hvernig getum við þá nokkurn tímann fengið nokkra hugmynd um hið eiginlega listaverk, sem er það sem vakti fyrir höfundinum? Croce segir að það að menn koma saman með tæki og framleiða hávaða, er ekki tónlist. En samt ætlast hann til þess að áheyrandinn geti af þessum hávaða komizt að listaverkinu sem slíku sem er það sem vakti fyrir höfundinum þegar hann setti verkið á blaðið, sem hljóðfæraleikararnir spila eftir.

Áhrif, sem ég verð fyrir (impression) leiða til tjáningar (expression), sem leiðir til fegurðarnautnar. Ef listaverkið á ekkert skylt við hið fýsíska, hvernig getur þá njótandinn endurskapað listaverkið í hug sér með áreiti frá því?



Nettímarit

# Troðningur

Menning & List



Guð blessi Ísland

Guð blessi Ísland

Baksíða;  
"Guð blessi Ísland" eftir Guðmund R Lúðvíksson

ICELANDIC  
ART MAGAZINE